

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 1997 - 2017, Miðtún og umhverfi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. maí 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 1997-2017 frá 5. ágúst 1999.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Stofnanasvæði við Bárugerði verður svæði fyrir blandaða landnotkun, þ.e. athafnasvæði og verslun og þjónusta og afmörkun íbúðarsvæðis við Miðtún breytist.
- Athafnasvæði og verslunar- og þjónustusvæði norður af Bárugerði verður svæði fyrir útivist og íþróttir.
- Gatnamót Norðurtúns og Eyrargötu verða lögð niður en göngustígur verður yfir Eyrargötu.
- Opið grænt svæði við Vallargötu verður íbúðarsvæði.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 20. maí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.